



Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands

Miðvikudaginn 17. maí 2017 klukkan 18:00 – 19:30

Húsnæði LSH, Ármúla 1 Reykjavík

Fundarmenn mættir; Felix Valsson, Bergur Stefánsson, Hildigunnur Svavarsdóttir, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir Hjörtur Oddsson, Sigrún G. Pétursdóttir, Hlynur Höskuldsson, Valgerður Hermannsdóttir, Sesselja Friðbjófsdóttir, Jón Garðar, Þorsteinn Jónsson og Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir

Boðuð forföll; Gunnhildur Sveinsdóttir og Valdís Anna Garðarsdóttir.

Fjarverandi: Þórður Þorkelsson.

DAGSKRÁ FUNDAR

1. Fundarsetning, fundarstjóri skipaður,
 - ✓ Felix setur fundinn og skipar Hjört Oddson fundarstjóra og Hrafnhildi Lilju sem fundarritara
2. Skýrsla formanns og endurlífgunarráðs um starfsemina
 - ✓ Fyrsta skipti sem aðalfundur er opinn öllum, en það er í samræmi við þau markmið að fjölga fólki í endurlífgunarráði og kjósa síðan í stjórn ráðsins.
 - ✓ Aðaláhersla ráðsins er námskeiðshald og eftirlit með því að námskeið í sérhæfðri endurlífgun séu haldin á Íslandi. Ráðið endurselur rétt sinn til námskeiðshalds og hefur gert samning við LSH, SAK (Sjúkraflutningaskóla) um almennt námskeiðshald. Þá hefur EÍ komið að námskeiðshaldi í sérhæfðri endurlífgun barna og fullorðinna.
 - ✓ Fjöldi námskeiða frá upphafi árs 2016
 - i. 12 ALS námskeið
 - i. 7 ALS á vegum LSH 142 nemendur
 - ii. 2 ALS á vegum SAK 28 nemendur
 - iii. 2 ALS á vegum Sjúkraflutningaskóla, 26 nemendur



- iv. 3 EPALS og 1 ALS á vegum EÍ, 65 nemendur
Samtals 261 nemendur
- ii. 36 ILS námskeið engin EPILS námskeið.
 - i. 13 á vegum LSH 193 nemendur
 - ii. 3 á vegum SAK 38 nemendur
 - iii. 17 á vegum Sjúkraflutningaskóla 245 nemendur
 - iv. 3 á vegum EÍ fyrir Háskólann á Akureyri 44 nemendur
Samtals 520 nemendur
- ✓ Fjöldi funda á árinu 2016 voru tveir auk þess sem leiðbeinendadagur var haldinn á haustdögum 2016 í tengslum við ERC ráðstefnuna sem haldin var á Íslandi 24. – 25. September 2016 en það var stóra verkefni ráðsins á síðasta ári.
- ✓ Mikil vinna var á árinu lögð í þýðingar á flæðiritum sem komu út um leið og nýjar leiðbeiningar í endurlífgun í október 2015 og finna má inni á vef ráðsins.
- ✓ Nú er komið að því að kjósa nýja stjórn endurlífgunarráðs og er stórt skarð höggvið í hópinn þar sem Hildigunnur gefur ekki kost á sér áfram en hún hefur verið í stjórn síðan 2001. Auk hennar mun formaðurinn ekki gefa kost á sér.
- ✓ Felix þakkar Hildigunni sérstaklega fyrir vel unnin störf.
- 3. Ársreikningar ráðsins lagðir fram til staðfestingar.
 - ✓ Hjörtur fer yfir ársreikning félagsins, ræðir helstu kostnaðarliði s.s. ráðstefnu námskeiðshald, nefskatt vegna námskeiða o.fl. Ítrekar að markmið ráðsins sé ekki að skila hagnaði heldur tryggja að tekjur standi undir rekstri ráðsins.
 - ✓ Mikilvægt væri að skipting í kostnaðarliði ársreikningsins væri skýrari og meira í takt við rekstur ráðsins, en ekki fasta bókhaldslykla miðað við ársreikning til skattskýrslugerðar. Niðurstaða ársreikningsins er þó rétt ef undan er skilið að í hann vantar útistandandi nefskatt frá stofnununum að upphæð krónur 302.000,- auk lokagreiðslu frá ERC vegna ráðstefnu.
 - ✓ Reikningurinn er samþykktur með 9 atkvæðum, 2 sitja hjá.

4. Meðlimir kosnir í ráðið frá 2013 kynna sig

- ✓ Felix Valsson formaður kynnir sig, hann var skipaður í ráðið sem formaður af landlækni auk þess sem hann hefur setið sem fulltrúi svæfingalækna í ráðinu. Hann gefur ekki kost á sér til til áframhaldandi setu. Hann mun upplýsa landlækni fljótlega og verður þá nýr formaður kosinn í kjölfarið.
- ✓ Hildigunnur Svavarsdóttur (HS) kynnir sig og fer yfir störf sín hjá ráðinu. Hún hefur setið í endurlífgunarráði síðan 2001 en hún situr líka í stjórn ERC og er fulltrúi ERC á fundum ILCOR. Hún mun halda því áfram þrátt fyrir að vera á leið úr endurlífgunarráði Íslands.
- ✓ HS minnir á að EÍ er með sæti fyrir fulltrúa á aðalfundum (General Assembly) ERC sem haldnir eru x2 á ári í Brussel (júní og desember) og hefur sá fulltrúi atkvæðarétt. Mikilvægt að ný stjórn kjósi fulltrúa sem fyrst til að sækja þá fundi.
- ✓ Hlynur Höskuldsson sem setið hefur í ráðinu sem fulltrúi Sjúkraflutningamanna kynnir sig og gefur um leið kost á sér til áframhaldandi setu, en hann tók við af Njáli Pálssyni 2014.
- ✓ Bergur Stefánsson sem setið hefur í ráðinu síðan 2013 sem fulltrúi félags bráðlækna, kynnir sig og gefur kost á sér til áframhaldandi setu.
- ✓ Valgerður Hermannsdóttir, hjúkrunarfræðingur og varaformaður Hjartaheilla kom inn í ráðið 2016 í stað Guðmundar Bjarnasonar. Valgerður situr í ráðinu sem fulltrúi Hjartaheilla.
- ✓ Sigrún G. Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur er fulltrúi félags hjúkrunarfræðinga eins og Hildigunnur. Hún hefur setið í ráðinu frá 2013. Sigrún hefur verið virkur leiðbeinandi fyrir Landsbjörg.
- ✓ Hjörtur Oddson, hjartalæknir situr í ráðinu sem fulltrúi félags hjartalækna og hefur setið síðan 2007. Hjörtur er í dag gjaldkeri ráðsins. Hann gefur kost á sér áfram. Hjörtur er leiðbeinandi í sérhæfðri endurlífgun og hefur verið virkur í kennslu fyrir LSH.
- ✓ Þórður Þorkelsson sem situr í ráðinu sem fulltrúi barnalækna er ekki mættur.

- ✓ Gunnhildur Sveinsdóttir situr í ráðinu sem fulltrúi Rauða kross, hún boðaði forföll vegna veikinda.
- ✓ Auk þessara 9 fulltrúa sem setið hafa í ráðinu hafa Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir og Valdís Garðarsdóttir setið fundi endurlífgunarráðs sem áheyrnafulltrúar. Valdís og Hrafnhildur eru báðar námskeiðsstjórar og sitja á fundum vegna þessa auk þess sem Hrafnhildur Lilja er starfsmaður ráðsins og hefur verið í u.þ.b. 10% stöðu undanfarin ár.

5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 kynnt

- ✓ Lögð fram áætlun um námskeið í sérhæfðri endurlífgun fyrir haustið 2017 hjá þeim sem halda námskeið.
 - i. Námskeiðáætlun LSH og SAK liggur fyrir en ekki frá Sjúkraflutningaskóla þar sem námskeið þar eru haldin jafnóðum skv. beiðnum frá rekstraraðilum og heilbrigðisstofnunum. Eí fær nefskatt af hverjum nemanda sem sækir námskeið hjá þessum aðilum. Á þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir eru þrjú stór námskeið (ALS/EPALS) og sex lítil (ILS/EPILS)
- ✓ Tillaga um árgjald næsta árs – umræða
 - i. HS vekur máls á því að eðlilegt sé að gera fjárhagsáætlun fyrir ráðið og hvað nefskatturinn þarf að vera á mann til þess að það standi undir rekstri ráðsins. Þetta er lagt í hendur á nýju ráði.
 - ii. HS útskýrir að af hverju námskeiðsgjaldi þarf framkvæmdaaðilinn að greiða annars vegar nefskatt til Eí og síðan fyrir sæti á námskeiðinu frá ERC þar sem innifalin er bók og aðgangur af námskeiðsvefnum COSY, það er utan við kostnaðinn sem framkvæmdaaðilinn greiðir í laun fyrir sína leiðbeinendur hvort sem þeir koma sem verktakar eða sem starfsmenn stofnunarinnar. Eí kemur því hvorki að gjöldum né tekjum vegna þeirra námskeiða a.ö.l. en innheimta nefskattinn fyrir hvern nemanda. Þessi nefskattur kemur til þar sem Eí hefur rétt á þessu námskeiðum og námskeiðsefni frá ERC og hefur gert leyfissamning við LSH, SAK og Sjúkraflutningaskóla til námskeiðshalds og má því segja að um þjónustugjöld sé að ræða.

- iii. Ákvörðun umsýslugjalds (nefskatts) námskeiðshaldara fyrir árið 2017 en tillaga var um hækkun þess í 3700 krónur fyrir ALS/EPALS (var 3500 áður) og 1800 kr. fyrir ILS/EPILS (var 1500 áður). Tillagan er samþykkt.

6. Lagabreytingar (breytingar á samþykktum)

- ✓ HS fer yfir tillögur að breytingum á starfsreglum sem núverandi ráð hefur sett fram og kynnir ástæður fyrir því s.s. aðkomu landlæknis að ráðinu, stækkun ráðsins þar sem hægt er að byrja á því að bjóða öllum leiðbeinendum í sérhæfðri endurlífgun að vera hluti af ráðinu og kjósa síðan 9 manna stjórn í stað þess að ráðið sjálft sé aðeins 9 manns.
- ✓ Ákveðið er að bera fram hverja grein og samþykkja/hafna um leið.
- ✓ Breytingar má sjá í fylgiskjali við fundargerðina en tæpt verður á því helsta hér fyrir neðan.
 - ✓ 1 grein
 - i. tekið út og 2 varafulltrúa
 - ✓ 2. grein
 - i. óbreytt
 - ✓ 3. grein
 - i. Tekin út skipun landlæknis.
 - ii. Greininni breytt á þann hátt að kosið sé í stjórn úr meðlimum endurlífgunarráðs.
 - iii. Leitast skal við að þeir sem sitja í stjórn hafi sem viðtækustu sérþekkingu og tengsl við
 - iv. Tekin út fulltrúar fagdeildanna en áfram skal leitast við að stjórn ráðsins hafi sem viðtækustu sérþekkingu á málefnum endurlífgunar. Gert ráð fyrir uppstillinganefnd.
 - v. Uppstillinganefnd gerir tillögu að stjórn fyrir aðalfund.
 - ✓ Kosning breytinga á 3 gr: Niðurstaða: Samþykkt með meirihluta. Tveir sitja hjá og einn á móti.
 - ✓ 4. grein
 - i. Breyting samþykkt.

- ✓ 5. grein
 - i. Tekin út ákveðin prósentu starfsmanns ráðsins, breyting samþykkt.
 - ✓ 6. grein
 - i. Textinn einfaldaður . Samþykkt.
 - ✓ 7. grein sett inn fundi stjórnar í stað fundi ráðsins.
 - i. Breytt ráð í stjórn
 - ii. Fundir a.m.k. 3 x á ári í stað 4x áður
 - iii. Fundargerðir eru birtir á heimasíðu
 - ✓ Nokkur umræða er á fundinum um hvernig einstaklingar verði meðlimir í ráðinu, hvort hægt sé að sækja um aðild, hverjir séu gjaldgengir, hvort leiðbeinendur í sérhæfðri endurlífgun frá ERC verði sjálfkrafa meðlimir o.s.frv. Ákveðið er að byrja á því að bjóða öllum leiðbeinendum ERC aðild að ráðinu. Ennfremur verður unnið að því að bjóða einstaklingum aðild að ráðinu á heimasíðu þess.
 - ✓ Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða skilyrði séu fyrir því að verða meðlimur í ráðinu og er það sett í hendur nýrrar stjórnar að gera það.
 - ✓ Breytingar við 7. grein samþykktar
 - ✓ 8. grein
 - i. tekið út ráð og sett stjórn í staðinn
 - ✓ 9. grein
 - i. Allar tillögur að breytingum á starfsreglum skulu kynntar a.m.k tveimur vikum fyrir aðalfund og samþykktar af meiri hluta atkvæðabærra fundarmanna.
7. Kosning formanns (til tveggja ára?)
- ✓ Þessum lið er frestað þar sem núverandi formaður Felix Valsson þarf að fá aflausn hjá Landlækni áður en kosinn er nýr formaður
8. Kosning annarra stjórnarmanna (til tveggja ára)
- ✓ Felix Valsson situr áfram í stjórn og er formaður þar til hann hefur fengið aflausn frá Landlækni. Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir kemur síðan inn í hans stað. Stjórn telur því tíu manns þar til Felix er laus frá ráðinu og kýs stjórn sér formann þegar Felix lætur af störfum.



- ✓ Hjörtur Oddson, hjartalæknir er kosinn til áframhaldandi setu í stjórn
 - ✓ Hlynur Höskuldsson, bráðatæknir er kosinn til áframhaldandi setu í stjórn
 - ✓ Sigrún Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur er kosin til áframhaldandi setu í stjórn
 - ✓ Þorsteinn Jónsson, hjúkrunarfræðingur, er tilnefndur í stjórn af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.
 - ✓ Bergur Stefánsson, bráðalæknir er kosinn til áframhaldandi setu í stjórn
 - ✓ Gunnhildur Sveinsdóttir, fulltrúi RKÍ og Þórður Þorkelsson, barnalæknir sitja áfram í stjórn.
 - ✓ Valgerður Hermannsdóttir, fulltrúi Hjartaheilla, situr áfram í stjórn.
 - ✓ Valdís Garðarsdóttir og Hrafnhildur Lilja verða áfram áheyrnafulltrúar á fundum stjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara (til tveggja árs)
- ✓ Þessum lið er frestað vegna tímaleysis
10. Önnur mál
- ✓ Sesselja Friðriksdóttir vekur máls á vandræðum sem hafa verið í COSY vef og er upplýst að það mál sé í vinnslu, ný uppfærsla vefsins komi í haust.

Fundi er slitið kl. 20:00

Með fundargerð er fylgiskjal, þar sem sjá má þær breytingar sem samþykktar voru á starfsreglum ráðsins.

Fundargerð ritaði: Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir